

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Hildu Jönu Gísladóttur um Öldrunarheimili Akureyrarbæjar.

1. *Hyggst ráðherra gera faglega úttekt á starfi Öldrunarheimila Akureyrarbæjar eftir að ríkið fól Heilsuvernd ehf. rekstur þess? Ef svo er, hvenær?*

Lög um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, með síðari breytingum, kveða á um hlutverk embættis landlæknis. Í II. kafla er fjallað sérstaklega um eftirlit með heilbrigðisþjónustu.

Það er því hlutverk embættis landlæknis að gera faglega úttekt á þjónustu hjá Öldrunarheimilum Akureyrar, eins og annarri heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðuneytið gerir ekki slíkar faglegar úttektir.

2. *Stendur til að ríkið kaupi húsnæði Öldrunarheimila Akureyrarbæjar nú þegar sveitarfélagið kemur ekki lengur að rekstri þess?*

Það eru engar viðræður í gangi af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um kaup ríkisins á þessari tilteknu fasteign, en fjármála- og efnahagsráðuneytið sér um kaup og sölu á fasteignum ríkisins.